

90. stjórnarfundur Bergrisans bs.

1.12.2025

Staðsetning: fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 13:00.

Fundinn sátu: Bragi Bjarnason, Eggert Valur Guðmundsson, Elliði Vignisson, Sandra Sigurðardóttir og Ása Valdís Árnadóttir.
Frá Bergrisanum voru Bjarki R. Kristjánsson og Íris Ellertsdóttir.

Dagskrá

1. Fundargerð þjónusturáðs

Verkefnastjóri kynnir fundargerð þjónusturáðs númer 195. Eftirfarandi er lagt fram til frekari umræðu:

1.a. Ný reglugerð Jöfnunarsjóðs

Verkefnastjóri kynnti nýja reglugerð Jöfnunarsjóðs.

Stjórn staðfestir fundargerð þjónusturáðs að öðru leyti.

2. Samningur við Skaftholt

Lögð eru fram drög að samningi við Skaftholt til samþykktar. Samningurinn er til tveggja ára og verður unnið að því á tímabilinu, í samráði við íbúa, að finna hentugt húsnæði sem tekur við í kjölfar flutnings sem geti þá leitt til endurskoðunar á gildistíma samningsins til styttingar.

Stjórn samþykkir samninginn og felur stjórnarformanni að ganga frá undirritun f.h. Bergrisans.

3. Hækkun fjárframlags til Sólheima vegna hækkunar á SIS mati

Skv. samningi Bergrisans og Sólheima skal endurreikna upphæð til Sólheima verði breytingar á SIS mati íbúa á staðnum. Nýlega tók í gildi nýtt SIS mat fyrir nokkurn fjölda íbúa og mun uppgjör fara fram við Sólheima skv. útreikningi Jöfnunarsjóðs. Samhliða því uppgjóri lítur stjórn svo á að beiðni Sólheima vegna viðbótarfjármagns sem áður hafði borist falli þá niður og þarfnist því ekki frekari afgreiðslu.

4. Fundartímar stjórnar

Ákveðið að fresta fundi milli jóla og nýárs og jafnframt ákveðið að fundartímar á nýju ári og út kjörtímabilið verði á þriðjudögum kl. 13 í vikunni eftir þjónusturáð.

Sandra Sigurðardóttir vikur af fundi.

5. Endurskoðun á reglum um NPA

Verkefnastjóri lagði fram endurskoðaðar reglur um NPA til samþykktar.

Stjórn samþykkir reglurnar.

6. Trúnaðarmálabók

Verkefnastjóri leggur til að tekin verði upp trúnaðarmálabók stjórnar Bergrisans frá og með næstu áramótum vegna þeirra mála þar sem ekki er hægt að tryggja trúnað.

Stjórn samþykkir og felur starfsfólki að útfæra verklag um trúnaðarmálabók.

Ása Valdís Árnadóttir vikur af fundi.

7. Erindi frá Grímsnes- og Grafningshreppi

Lagt fram til kynningar og umræðu erindi frá Grímsnes- og Grafningshreppi vegna stuðningsþjónustu í sveitarfélaginu. Erindinu vísað áfram til starfsmanna Bergrisans til frekari skoðunar og vinnslu.

8. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið klukkan 13:59.

Undirritunarsíða

Ása Valdís Árnadóttir

Elliði Vignisson

Sandra Sigurðardóttir

Bragi Bjarnason

Eggert Valur Guðmundsson